



## 2. Viðbragðsleiðbeiningar: Ofbeldisatvik eða hryðjuverk - almennt

### 2 Ofbeldisatvik / Hryðjuverk

Hryðjuverkaárás er skilgreind hér sem hver sú árás sem beint er gegn nemendum og/eða starfsmönnum skólans af vopnuðum einstaklingum.

Leiðbeiningarnar eiga við áður en löggregla eða aðrir viðbragðsaðilar koma á staðinn. Eftir að löggregla kemur skal hlýða fyrirmælum hennar.

#### 2.1 Almennar leiðbeiningar

##### 1. Flýðu

- Þegar þið komið inn í rými, glöggvið ykkur á neyðarútgöngum
- Forðist árásarstað, finnið öruggt skjól fjarri honum
- Ekki kasta neinu frá þér eða fara til baka til að sækja eitthvað sem gæti vakið athygli á þér, fyrr en heimild er fengin frá þeim sem stjórna á vettvangi
- Gætið þess að fara ekki í sjónlinu árásarmanns eða manna
- Ef enginn starfsmaður er nærrí verða nemendur sjálfir að ákveða hvar sé öruggast að fela sig eða hvaða leið er öruggasta flóttaleið
- Hjálpið öðrum eftir því sem mögulegt er að komast í öruggt skjól
- Varið aðra við sem hyggjast fara inn á hættusvæðið ef það er mögulegt

##### 2. Feldu þig

- Þessar leiðbeiningar eiga einungis við ef ekki er hægt að komast í burtu frá hættu
- Lokaðu þig inni eins fjarri árásarmanni og mögulegt er, læstu hurð og settu eitthvað þungt fyrir dyrnar
- Ef enginn starfsmaður er til staðar verða nemendur sjálfir að ákveða hvar sé öruggast að fela sig
- Slökktu á tölvum og ljósum og gættu þess að hátalarar séu ekki í gangi
- Haltu þig fjarri gluggum og leggstu í gólfíð
- Ef þú kemst ekki í lokað rými, feldu þig bak við eins sterkan flót og mögulegt er, til dæmis steinvegg
- Slökktu á hringingu og titringi í farsímanum og gættu þess að ljós sjáist ekki frá honum
- Reyndu að róa og hughreysta sammemendur
- Hafa hljótt og láta lítið fyrir sér fara

##### 3. Láttu vita

- Hringið í 112 þegar þið eruð komin í öruggt skjól
- Hlýðið öllum fyrirmælum löggreglu og yfirvalda
- Ekki hlaupa að löggreglumönnum þegar þeir koma eða sýna þeim ógnvekjandi tilburði
- Haldið höndum uppi og lófa opnum þegar þið gangið að löggreglu
- Veitið löggreglu og starfsfólk skólans allar upplýsingar
- Aðstoðið starfsfólk og löggreglu við að fá yfirsýn og hvar aðrir eru niðurkomnir



## 2. Viðbragðsleiðbeiningar: Ofbeldisatvik eða hryðjuverk - almennt

---

- Upplýsið næsta starfsmann skólans ef um er að ræða árás eða ofbeldishegðun
- Ekki miðla sögusögnum, óstaðfestum fregnum eða myndefni á samfélagsmiðlum eða annars staðar á Internetinu